

Vinnumálastofnun
07 980

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Vinnumálastofnun

kt. 700595-2699

Grensásvegur 9, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns

Vinnumálastofnun er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar.

Stofnunin fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og daglega afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa auk fjölmargra annarra vinnumarkaðstengdra verkefna.

Þann 1. júlí 2022 var Vinnumálastofnun falið nýtt verkefni í tengslum við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Verkefnið snýr að framfærslu umsækjenda um alþjóðlega vernd á meðan umsóknaferlið stendur yfir og er verkefnið fjármagnað úr sjóði 07325. Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd á árinu 2022 voru 4.496 samanborið við 872 umsóknir á árinu 2021 sem sýnir hversu mikill vöxtur er í verkefninu í ljósi þess ástands sem ríkir í heiminum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 3.488,7 milljónir og afkoma kr. 13,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.502,2 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárákalogum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Vinnumálastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórn og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Unnur Sverrisdóttir,
forstjóri

Stjórn:

Huginn Freyr Þorsteinsson
formaður stjórnar

Lilja Birgisdóttir

Guðbjörg Kristmundsdóttir

Hrannar Már Gunnarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Sólveig B. Gunnarsdóttir

Halldór Oddsson

Andri Valur Ívarsson

Guðný Einarsdóttir

Jón Rúnar Pálsson

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	196.000.000	370.200.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	3.264.366.254	3.017.440.893
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	28.324.454	32.177.320
Tekjur samtals		3.488.690.708	3.419.818.213
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	2.262.412.237	2.324.404.486
Framlög og tilfærslur		637.590.170	364.630.353
Annar rekstrarkostnaður	5	547.174.939	690.358.374
Afskriftir	6	28.324.454	32.177.320
Gjöld samtals		3.475.501.800	3.411.570.533
Afkoma fyrir fjármagnsliði		13.188.908	8.247.680
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(114.655)	(310.821)
		(114.655)	(310.821)
Afkoma ársins		13.074.253	7.936.859
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	650.364.423	372.267.212
Rekstrartilfærslur		(637.290.170)	(364.330.353)
		13.074.253	7.936.859

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	<u>177.455.356</u>	<u>8.454.737</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld, tæki og búnaður	8	<u>39.216.958</u>	<u>32.351.822</u>
		<u>39.216.958</u>	<u>32.351.822</u>
Fastafjármunir samtals		<u>216.672.314</u>	<u>40.806.559</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	1.277.881.560	56.816.103
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	38.489.939	39.148.871
Handbært fé		<u>1.969.171.198</u>	<u>5.109.082.296</u>
Veltufjármunir samtals		<u>3.285.542.697</u>	<u>5.205.047.270</u>
Eignir samtals		<u>3.502.215.011</u>	<u>5.245.853.829</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	11	<u>(1.029.058)</u>	<u>(14.103.311)</u>
Eigið fé samtals		<u>(1.029.058)</u>	<u>(14.103.311)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	2.461.479.005	4.852.118.230
Viðskiptaskuldir		627.355.848	145.685.980
Ýmsar skammtímaskuldir	12	225.520.177	259.239.437
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	<u>188.889.039</u>	<u>2.913.493</u>
Skuldir samtals		<u>3.503.244.069</u>	<u>5.259.957.140</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.502.215.011</u>	<u>5.245.853.829</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		13.074.253	7.936.859
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	28.324.454	32.177.320
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(28.324.454)	(32.177.320)
		<u>13.074.253</u>	<u>7.936.859</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		658.932	(14.306.071)
Tengdir aðilar		(3.601.594.891)	2.348.546.612
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		447.950.608	196.431.291
		(3.152.985.351)	2.530.671.832
		<u>(3.139.911.098)</u>	<u>2.538.608.691</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(183.452.975)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(20.737.234)	(393.952)
		(204.190.209)	(393.952)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		204.190.209	393.952
		204.190.209	393.952
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(3.139.911.098)	2.538.608.691
		5.109.082.296	2.570.473.605
		<u>1.969.171.198</u>	<u>5.109.082.296</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisráðun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisráðunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisráðun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisráðunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	196.000.000	370.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	28.324.454	32.177.320
	<u>224.324.454</u>	<u>402.377.320</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	324.000.000	300.000	0	324.300.000
Fjáraukalög	(131.000.000)	0	0	(131.000.000)
Fjárveiting til tekna	195.700.000	300.000	0	196.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	454.664.423	(637.590.170)	0	(182.925.747)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	650.364.423	(637.290.170)	0	13.074.253

	2022	2021
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Kostnaðarhlutdeild	1.700.900.000	1.680.500.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	1.509.606.759	686.757.697
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	32.882.785	9.227.387
Ýmsar tekjur	20.976.710	640.955.809
	<u>3.264.366.254</u>	<u>3.017.440.893</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.831.035.129	1.844.186.329
Orlof, breyting	(4.749.929)	51.591.471
Launatengd gjöld	416.953.760	412.632.367
Starfsmannakostnaður	19.173.277	15.994.319
	<u>2.262.412.237</u>	<u>2.324.404.486</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	206,0	210,5

Skýringar

	2022	2021
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.914.436	5.138.764
Byggingarvörur, almennar	199.293	118.625
Tæki og búnaður til innréttinga	27.985	97.746
Ýmis tæki og áhöld	11.535.797	27.662.330
Varahlutir og viðhaldsvörur	2.387	59.697
Orkugjafar	2.160.529	1.962.104
Matvæli	28.867.817	31.800.191
Almennar rekstrarvörur	3.638.790	3.511.021
Vörukaup, almenn	49.347.034	70.350.478
Kennslu- og föndurvörur	0	13.792
Ýmsar sérgreindar vörur	0	52.500
Vörukaup, sérgreind	0	66.292
Fundir, námskeið, risna	6.432.935	10.715.809
Ferðir, uppihald	6.090.088	3.213.238
Akstur	3.425.109	2.759.137
Sérfræðipjónusta	253.374.512	329.947.293
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	4.551.753	695.351
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	4.478.237	32.746.728
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	13.352.723	3.542.476
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	291.705.357	383.620.032
Samningsbundin kaup og leiga	12.278.316	8.398.976
Afnotagjöld	87.324.480	92.820.064
Leigugjöld	84.539.224	112.299.681
Notkun véla og flutningatækja	38.481	189.800
Verkkaup	15.412.403	7.326.302
Kostnaðarhlutdeild	5.865.981	14.785.699
Áhættutap og bætur	0	92.000
Tryggingar, lögboðnar	185.131	68.608
Opinber gjöld	478.532	340.442
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	206.122.548	236.321.572
Annar rekstrarkostnaður samtals	547.174.939	690.358.374
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	13.647.349	14.279.101
Sölutap og úrehtar eignir	224.749	118.902
Niðurfærsla óefnislegra eigna	14.452.356	17.779.317
	28.324.454	32.177.320

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
7 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	177.455.356	8.454.737
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		88.896.594
Viðbætur á árinu		183.452.975
		<u>272.349.569</u>
Niðurfært 01.01.2022		80.441.857
Niðurfærsla ársins		14.452.356
		<u>94.894.213</u>
Staða 31.12.2022		<u>177.455.356</u>
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	39.216.958	32.351.822
	<u>39.216.958</u>	<u>32.351.822</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2022	83.881.044	83.881.044
Viðbætur á árinu	20.737.234	20.737.234
Selt/úrelt á árinu	(4.826.729)	(4.826.729)
	<u>99.791.549</u>	<u>99.791.549</u>
Afskriftir 01.01.2022	51.529.222	51.529.222
Afskrift ársins	13.647.349	13.647.349
Selt/úrelt á árinu	(4.601.980)	(4.601.980)
	<u>60.574.591</u>	<u>60.574.591</u>
Staða 31.12.2022	<u>39.216.958</u>	<u>39.216.958</u>
9 Tengdir aðilar		
	31.12.2022	31.12.2021
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.277.881.560	56.816.103
	<u>1.277.881.560</u>	<u>56.816.103</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.365.192.127	4.580.938.909
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.096.286.878	271.179.321
	<u>2.461.479.005</u>	<u>4.852.118.230</u>

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	208.383
Skattar	38.489.939	38.940.488
	<u>38.489.939</u>	<u>39.148.871</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(14.103.311)	(22.040.170)
Afkoma ársins	13.074.253	7.936.859
Jöfnuður 31.12.	<u>(1.029.058)</u>	<u>(14.103.311)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	225.504.329	230.254.258
Önnur ógreidd gjöld	15.848	28.985.179
	<u>225.520.177</u>	<u>259.239.437</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	216.672.314	40.806.559
Umframráðstafað til fjárfestinga	<u>(27.783.275)</u>	<u>(37.893.066)</u>
	<u>188.889.039</u>	<u>2.913.493</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	40.806.559	(37.893.066)	2.913.493
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	214.300.000	214.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	20.737.234	(20.737.234)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	183.452.975	(183.452.975)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(28.324.454)</u>	0	<u>(28.324.454)</u>
	<u>216.672.314</u>	<u>(27.783.275)</u>	<u>188.889.039</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 55,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, tímabundna og ótímabundna með uppsagnarfrest. Greiðslur vegna húsaleigu eru áætlaðar 89,5 millj. kr. á árinu 2023.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.